



2015 – ár mikilla launahækkana

6,5% kaupmáttaraukning á einu ári

Í nóvember hækkaði launavísitalan um 0,9% milli mánaða og hafði þá hækkað um 8,7% 12 mánaða tímabili. Þar sem verðlagsþróun var hagstæð á tímabilinu jókst kaupmáttur launa á sama tíma um 6,5%. Þetta eru miklar launahækkningar í sögulegu samhengi. Einnig er kaupmáttaraukningin mikil og þarf að fara aftur til nóvember 1998 til að sjá meiri hækkun. Ýmsar ytri aðstæður hafa orðið til þess að verðbólga hefur verið lág, kostnaðarhækkningar vegna launa hafa því ekki haft eins mikil áhrif á verðbólguna og myndi gerast við venjulegar aðstæður.

Innlendar vörur og fasteignaverð skapa verðbólguna

Kostnaðarhækkningar vegna launabreytinga eru farnar að koma fram í verði á innlendum vörum sem hafa hækkað meira en aðrir liðir verðbólgunnar á síðustu mánuðum að fasteignaverðinu undanskildu. Aðrir liðir eins og innflutt verðlag hafa mikil áhrif til lækkunar. Því má segja að innflutta vöruverðið eigi mestan hlut í þeirri hagstæðu kaupmáttarþróun sem orðið hefur á árinu.


Kaupmáttur hefur aldrei verið meiri

Sé litið á kaupmáttarþróun í langtímasamhengi sést að kaupmáttur launa hefur aldrei verið meiri en nú. Kaupmáttur var áður mestur sumarið 2007 og var þá um 16% hærri en var þá um 23% hærri en hann var í upphafi aldarinnar. Kaupmáttur féll mikið árið 2008 og fór lækkandi fram undir mitt ár 2010. Kaupmáttur launa tók að hækka á ný upp frá því og náði fyrra hámarki á ný í nóvember 2014. Síðan hefur kaupmáttur launa aukist um 6,5% og er því um 6,5% hærri en hann hefur nokkurn tíma verið.


Launahækkningar hafa farið vaxandi

Kjarasamningar voru gerðir fyrir stærstan hluta vinnumarkaðarins á árinu 2015. Kjarasamningum fyrir stærstan hluta almenna vinnumarkaðarins var lokið undir lok maí mánaðar eftir töluverðar vinnudeilur. Aðildarfélag BHM og hjúkrunarfræðingar stóðu í verkfallsbaráttu sem


Launþróun og kaupmáttur



Innflutt og innlend verðbólga



Kaupmáttur launa frá 2001





endaði með lagasetningu og úrskurði frá gerðardómi um launaþróun. Sá úrskurður varpaði sprengju inn á markaðinn og gróflega má segja að viðmiðið um launaþróun á þriggja ára tímabili hafi hækkað úr u.þ.b. 20% upp í 30% við úrskurðinn. Stór félög ríkisstarfsmanna gengu frá kjarasamningum á þeim nótum.

Tvísýnt um framlengingu samninga

Í kjarasamningum á almenna markaðnum var ein grundvallarforsendan sú að aðrir hópar fengju ekki meiri hækkanir, ella væri samningurinn uppsegjanlegur, í fyrsta skipti í lok febrúar 2015. Nokkuð ljóst er að miðað við launaþróun annarra hópa eru forsendur til þess að segja samningnum upp eða leita samkomulags um viðbrögð til þess að hægt sé að framlengja samningnum.


Í lok október náðist Salek samkomulagið svokallaða á milli helstu aðila á vinnumarkaði. Í samkomulaginu er m.a. fjallað um framtíðarlíkan kjarasamningsgerðar hér á landi og einnig hvernig á að leysa þann vanda sem uppi er um þessar mundir, þar sem hver hópur eltir annan. Gert er ráð fyrir samræmdri launastefnu sem á að gilda fyrir næstu 3 ár og byggir á að kostnaður vegna launahækkana allra hópa verði ekki meiri en 32% á frá árslokum 2013 til ársloka 2018.

Gert er ráð fyrir að jöfnun lífeyrisréttinda á milli almenna og opinbera vinnumarkaðarins verði veigamikill þáttur í að ná niðurstöðu um launahækkanir á samningstímabilinu. Þá hefur einnig verið lögð mikil áhersla á það af hálfu aðila á almenna vinnumarkaðnum tryggingagjald verði lækkað til þess að auka svigrúm atvinnurekenda til þess að koma til móts við kröfur.

Næstu vikur skipta miklu máli


Ljóst virðist að það mun koma til kasta sameiginlegrar nefndar samningsaðila á almenna markaðnum að meta hvort þær stjórnvaldsáskvarðanir og lagabreytingar sem fram komu í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 29. maí hafi náð fram að ganga og hvort samningurinn frá 29. maí hafi verið stefnumarkandi fyrir aðra samningsgerð. Augljóst er að forsendan um launaþróunina hefur brugðist og ekki er að sjá að t.d. loforð ríkisstjórnar um byggingu leiguíbúða á árinu 2016 nái fram að ganga. Ljóst er því að leita

Launahækkanir stóru hópanna frá 3. ársfj. 2014 til 3. ársfj. 2015



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

Launaþróun hópa á vinnumarkaði



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild



þarf samkomulags um viðbrögð til þess að hægt sé að framlengja samningnum. Það skiptir verulegu máli fyrir íslenskt efnahagslíf að samningum verði ekki sagt upp í febrúar. Afnáam gjaldeyrishafta, stór stöðugleikaframlög í ríkissjóð, kosningar á árinu 2017 eru allt þættir sem kalla beinlínis á að friður ríki áfram á vinnumarkaði.

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild @landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.